

12.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn á skrifstofu hreppsins föstudaginn 15.desember 2017 kl.14:00.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Fossdal Melum 1, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi 2, Ingólfur Benediktsson Árnesi 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið/in 2018 – 2021, síðari umræða.
2. Bréf (2) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, lögð fram til kynningar.
3. Byggðakvóti, úthlutun fyrir fiskveiðiárið 2017-2018.
4. Erindi frá Sig.Gísla Pálasyni, framhald umræðu. Punktur varðandi verndarsvæði UNESCO og stofnun þjóðgarða, tölvupóstur frá Jóni Jónssyni lögfræðingi, fyrirhuguð stærð Vatnajökulspjóðgarðs/miðhálandisþjóðgarðs.

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið/in 2018 – 2021, síðari umræða.

Tillaga að fjögurra ára fjárhagsáætlun Árneshrepps fyrir árin 2018-2021 lögð fram til seinni umræðu. Oddviti kynnti tillöguna og þær breytingar sem orðið hafa á henni frá fyrri umræðu. Í tillögunni er gert ráð fyrir að á árinu 2018 verði heildartekjur A og B hluta 50,8 millj. kr., og heildargjöld 42,4 millj.kr., fjármunatekjur og fjármagnsgjöld jákvæð um 468þús. kr. Rekstrarniðurstaða er því jákvæð um 2,7 millj.kr. Gert er ráð fyrir fjárfestingu í vatnsbóli í Norðurfirði. Rekstrarniðurstaða fyrir árið 2019 er jákvæð um 2,5 millj. kr., árið 2020 jákvæð um 4,6 millj. kr. og árið 2021 5,2 millj.kr.

Lögð var fram tillaga um að álagning fasteignaskatts í Árneshreppi 2018 verði í A flokki 0,625%, í B flokki 1,32% og í C flokki 1,65%. Útsvarsprósenta verður áfram 14,52%. Tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt.

Ákveðið var að fá kostnaðaráætlun og tala við jarðfræðing varðandi borun fyrir vatnsbóli í Norðurfirði. Áætlaður kostnaður 1,5 millj.kr., ákveðið var að áætla kostnað upp á kr 800þús fyrir snjómokstur og vegna viðgerða á gluggum í skólaíbúð uppá 1,5 millj.kr. Einnig var ákveðið að fegra umhverfi skólans og lagt til þess kr 500þús. Eldhúsinnrétting og uppsetning í Kaupfélshúsi í íbúð 1 upp á kr 2millj. Ennfremur var ákveðið að leggja til hliðar kr 500þ. vegna hugsanlegs lögfræðikostnaðar.

Lögð fram tillaga að sorphirðugjöld taki vísitöluhækkun og lögð verði stöðuleyfisgjöld lausra húsa fyrir árið 2018 15þús. kr. pr. hús. Tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt.

Lögð fram tillaga að hækka gjaldskrá Norðurfjarðarhafnar um 10%. Tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt.

Fjárhagsáætlun 2018-2021 borin upp til atkvæða og samþykkt.

2. Bréf (2) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, lögð fram til kynningar.

Tvö bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar. Annars vegar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands og hins vegar um vernd og endurheimt votlendis.

3. Byggðakvóti, úthlutun fyrir fiskveiðiárið 2017-2018.

Bréfið lagt fram til kynningar.

4. Erindi frá Sig. Gísla Pálasyni, framhald umræðu. Punktur varðandi verndarsvæði UNESCO og stofnun þjóðgarða, tölvupóstur frá Jóni Jónssyni lögfræðingi, fyrirhuguð stærð Vatnajökulspjóðgarðs/miðhálandisþjóðgarðs.

Erindið hefur verið rætt út frá ýmsum sjónarhornum. Ingólfur Benediktsson leggur fram tillögu: „Ég undirritaður vill að erindi Sigurðar Gísla Pálmasonar verði tekið til afgreiðslu á þessum fundi. Þetta er sjálfstæð tillaga sem sveitastjórn ber samkvæmt sveitarstjórnarlögum að taka til afgreiðslu“. Tillagan var tekin til afgreiðslu og felld með þremur atkvæðum gegn tveimur. Hrefna Þorvaldsdóttir og Ingólfur Benediktsson greiddu atkvæði á móti. Oddviti lagði fram tillögu þess efnis að umrætt erindi verði tekið fyrir á fundi þar sem aðrar athugasemdir verða teknar fyrir í byrjun næsta árs. Þrír samþykktu tillögu oddvita og tveir voru gegn, Hrefna Þorvaldsdóttir og Ingólfur Benediktsson.

Ingólfur Benediktsson lagði fram bókun: „Ég undirritaður óska eftir að fá afrit af bréfi sem oddviti sendi á Pétur Guðmundsson varðandi erindi Sigurðar Gísla Pálmasonar. Þar sem oddviti hefur beðið Jón Jónsson hrl. Um álit eða mat á erindi Sigurðar Gísla Pálmasonar þá óska ég eftir að fá afrit af tölvupóstsamskiptum við lögmannin ef til eru.“

Þar með lauk umræðum um tilboð Sigurðar Gísla Pálmasonar og verður framhaldið á næsta fundi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 16.30